

Sþ.

117. Fyrirspurn

[105. mál]

til viðskiptaráðherra um verðlagsmál.

Frá Halldóri Blöndal.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir undir lið 4 í kafla um verðlagsmál:

„Unnið verði að lækkun vöruverðs, meðal annars með eftirtöldum aðgerðum:

- a) Að efla samtök neytenda til þess að þau geti gegnt því mikilhæfa verkefni að gera verðlagseftirlit neytendanna sjálfra virkt.
- b) Að auka verðlagskynningu af opinberri hálfu.
- c) Að haga verðlagsákvæðum þannig að þau hvetji til hagkvæmra innkaupa.
- d) Að greiða fyrir því, að unnt sé að lækka vöruverð með innkaupum í stórum stíl.
- e) Að hin nýju verðlagslög komi til framkvæmda undir eftirliti verðlagsráðs, sem fái bættu aðstöðu til að gegna hlutverki sínu.“

Hvernig ber að skilja þessi ákvæði stjórnarsáttmálans, sérstaklega lið c), d) og e)? Hvað hefur verið gert til að koma þessum stefnumiðum í framkvæmd?

Hvað stendur til að gera og hvenær?

Óskað er eftir skriflegu svari.